



Stærðfræðidagurinn

Dagur stærðfræðinnar var haldinn föstudaginn 6. febrúar. Af því tilefni unnu nemendur mörg skemmtileg verkefni sem reyndu á stærðfræðikunnáttu þeirra. 1. bekkur fór á manngerða fjallið Kamb og töldu skrefin á leiðinni fram og tilbaka og skrifuðu fjöldann niður. Þau tóku tímann á hve margar sekúndur þau voru á leið niður brekkuna á rassapotum og sleðum og skráðu allar upplýsingar á blað. 4.-5. bekkur vann með tölfræði og fór út að telja glugga og hurðir og unnu úr þeim niðurstöðum á myndrænan hátt. 2.-3. bekkur og 6.-7. bekkur unnu verkefni tengd stærðfræðinni. Nemendur áttu að leysa fjögur verkefni og setja á veggspjald. Til hvers notum við tölur dags daglega? Nemendur áttu að skilgreina hvað er þríhyrningur? Og fengust ýmis svör við þessum spurningum. Börnin skemmtu sér mjög vel. Dagurinn var hinn ánægjulegasti enda viðfangsefnið fjölbreytt og skemmtilegt.



Í stærðfræðinni við reiknum
Og form við teiknum.
Við drögum frá og leggjum saman
Og það er voða gaman

Við erum góð að reikna
Draga frá og leggjá saman.
Stundum viljum við teikna
Og það er líka gaman.



Stóra upplestrarkeppnin

Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar í Akurskóla var haldin miðvikudaginn 18. febrúar en Stóra upplestrarkeppnin er haldin í 7. bekk í öllum grunnskólum landsins. Í dag lásu 11 nemendur upp texta og ljóð að eigin vali og voru tveir nemendur valdir úr hópi þeirra og munu þeir taka þátt í Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Reykjanesbæ sem haldin verður í Bíósal Duushúsa 9. mars kl. 16:30. Fulltrúar Akurskóla í þeirri keppni verða þau Sóley Prastardóttir og Adam Sigurðsson. Hlutu þau bókaverðlaun frá Forlaginu en allir keppendur fengu viðurkenningarskjal fyrir þátttöku. Við óskum þeim til hamingju um leið og við þökkum öllum nemendum 7. bekkja fyrir sína þátttöku.

Námsmatsdagur

Fimmtudaginn 5. mars verður námsmatsdagur. Þá fara fram foreldraviðtöl og afhending námsmats. Engin hefðbundin kennsla verður því í skólanum. Frístundaskólinn Akurskjól verður opin frá 08:10–17:00 fyrir þau börn sem þar eru skráð og þess óska.

Veikindi

Við minnum á að það þarf að tilkynna forföll nemenda daglega á skrifstofu skólans í síma 4204550


Sparisjóðurinn í Keflavík

Þemadagar



Þemadagar voru í Akurskóla, leikskólunum Akri og Holti, dagana 21. til 23. janúar sl. Að þessu sinni var þemavinnan tileinkuð Þorranum. Nemendur völdu vinnustöðvar en segja má að rauði práðurinn í vinnu nemenda hafi verið að upplifa gamla tímann. Nemendur lærðu gamla dansa og leiki, glímu, hlóðu vörður, bjuggu til hálsmen úr rúnalettri, handverk af ýmsu tagi og fengu nemendur að spreyta sig á matargerð að gömlum íslenskum sið. Nemendur kynntu sér hýbýli forfedra okkar, siglingar, landafundi og trúarbrögð og

bjuggu til baðstofa í Narfakotshjáleigu Þemadögum lauk með glæsilegri sýningu á verkefnum nemenda þar sem þeir m.a. sýndu polkadans, leikrit um Þrymskviðu og lásu ljóð úr Hávamálum. Afraksturinn var hreint ótrúlegur. Þess má geta að samstarf var milli Akurskóla og leikskólanna Holts og Akurs og unnu elstu börnin í leikskólunum með nemendum 1. bekkja Akurskóla saman. Það samstarf gekk mjög vel og unnu nemendurnir að ýmsum verkefnum í skólunum þremur, Stekkjarkoti og á byggðarsafninu í Innri-Njarðvík.



Börn hjálpa börnum

Þann 2. febrúar sl. hófst söfnunin Börn hjálpa börnum. ABC barnahjálpi stendur nú fyrir þessari söfnun í 11. skipti í samvinnu við grunnskóla landsins. 5. bekkur mun sjá um að safna fyrir Akurskóla að þessu sinni. Söfnunin stendur yfir til 28. febrúar og munu grunnskólabörn ganga í hús með bauka frá ABC barnahjálpi. Í ár ætla því íslensku skólabörnin að safna fyrir máltíðum fyrir ABC börnin. Ein skólamáltíð kostar á núverandi gengi um 50 krónur og verður stefnt að því að safna fyrir 160.000 máltíðum. Við hvetjum alla landsmenn til veita starfi ABC lið með því að taka vel á móti þessum frábæru krökkum þegar þau banka uppá með baukana sína.

Öskudagur

Öskudagurinn verður miðvikudaginn 25. febrúar. Þá er skertur skóladagur. Nemendur mæta í skólann kl. 8:10 til umsjónarkennara. Matur verður í skólanum kl. 11 fyrir þá sem eru í mataráskrift eða með matarmiða. Af því loknu fara börnin heim nema þeir sem eru skráðir í Akurskjóls þennan dag.

Trúarbragðafraeði

Nemendur í 6-7. bekk hafa verið að vinna í trúarbragðafraeði. Þeim var skipt í hópa og tók hver hópur eitt trúarbragð. Þau trúarbrögð sem tekin voru: Islam, Gyðingatrú, Ásatrú og Votta Jehúa. Árangur þeirra er á plakötum fyrir framan stigann okkar.



Akurskjól



Það er margt búið gerast í Akurskjóli síðustu vikur. Gunnella, amma Samúels kemur í heimsókn einu sinni í viku næstu vikunnar og kennir börnunum að búa til hluti sem hún lék sér með sem barn. Um daginn kenndi hún krökkunum að búa til dúkkulísur. Börnin voru mjög áhugasöm og var gaman að sjá hvað þau voru snögg að læra handtökin. Nemendur hafa farið í sund í Akurskóla og tókst það með eindæmum vel og ekki vantaði fjörið hjá þeim. Síðan var ferðinni heitið með strætó á Vallarheiði og þar fóru nemendur í skemmtilegan innileikgarð. Þetta fannst krökkunum í Akurskjóli frábær ferð. En þau fengu þessa ferð sem umbun fyrir góða hegðun og góða umgengni í Akurskjóli. Síðan var haldin pizzuveisla í lok janúar en þá fengu krakkarnir að baka sína eigin pizzu sem þau borðuðu í kaffitímanum. Formaður skátafélags Heiðabúa, Hrafnhildur kom í heimsókn til okkar í nokkur skipti og kynnti skátastarfið fyrir börnunum. Hrafnhildur hefur hug á að halda þessu starfi áfram hjá okkur í Akurskjóli næsta mánuðinn. Ánægjan var mjög mikil meðal barnanna. Þróunarverkefni í samvinnu við Fjölbautarskóla Suðurnesja er farið af stað. Verkefnið felst í því að stúlkur úr FS koma til okkar tvisvar í viku og taka þátt í starfinu okkar. Þær koma til með að vinna með okkur í verkefni sem börnin hafa ákveðið og síðan koma þær með verkefni sem þær hafa ákveðið að gera sjálfar. Verkefnið verða mótuð eftir áhugasviði beggja. Það var ánægjulegt að sjá hvað börnunum fannst spennandi að fá þessar ungu stúlkur til okkar. Minnum á heimasíðu Akurskjóls en þar er hægt að sjá fleiri myndir frá starfinu.




Skólaheimsókn

Þriðjudaginn 17. febrúar fóru kennarar úr Akurskóla í skólaheimsóknir. Annars vegar fór hluti kennara í Ingunnarskóla í Reykjavík og kynnti sér nám og kennslu í aldursblönduðum bekkjum á yngsta stigi og hins vegar fór hópur kennara í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði og kynnti sér skipulag og þróun skólastarfs í opnum rýmum. Það er jafnan fróðlegt og skemmtilegt að sjá hvað aðrir skólar eru að gera og var engin undantekning á því í þetta skiptið. Samhliða fæðast hugmyndir um þróun eigin vinnu og staðfesting á góðum verkum sem unnin eru í Akurskóla. Þökkum við þessum skólum fyrir góðar móttökur.

Skólahreysti 2009

Við þökkum Sigfúsi, Aroni, Evu og Ólöfu fyrir vaska framgöngu í Skólahreysti í þann 12. febrúar sl. Þau voru glæsilegir fulltrúar okkar í þessari keppni þó ekki hafi þau unnið til verðlauna í þetta skiptið en þau lentu í 10 sæti. Alls tóku 15 skólar þátt í þessum riðli. Ekki síður glæsilegri voru okkar frábæru stuðningsmenn en bæði nemendur og kennarar fjölmenntu í Kópavoginn þar sem keppnin var haldin í þetta skiptið.



112 dagurinn

112 dagurinn var haldinn 11. febrúar sl. Af því tilefni fengum við Kristján Karlsson Grens í heimsókn en hann fræddi nemendur í 4.-9. bekkjum um starfssemi neyðarnúmersins 112 (einn, einn tveir). Nemendur voru mjög áhugasamir og voru duglegir að spyrja. Þökkum við Kristjáni kærlega fyrir innlit sitt til okkar. Markmið 112-dagsins er að kynna neyðarnúmerið og starfssemi aðilanna sem tengjast því, efla vitund almenningss um mikilvægi þessarar starfssemi og hvernig hún nýtist almenningi. Samstarfsaðilar dagsins eru Neyðarlínan, Ríkislögreglustjórinn og lögreglan, Brunamálstofnun, slökkviliðin, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauði krossinn, Landhelgisgæslan, Barnaverndarstofa, Landlæknisembættið, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutninga-manna og Flugstoðir.

Heimasíða Akurskóla


Útikennsla

Við minnum á að hægt er að fylgjast með skólastarfi á www.akurskoli.is þar eru settar inn myndir og ýmsar fréttir af því sem nemendur eru að gera í skólanum. Verkefni sem 8.-9. bekkur er að gera er hægt að finna á þeirra heimasvæði.

Þróunarverkefni um uppbyggingu útikennslusvæðis er að hefjast á næstunni í Akurskóla. Verkefnið er samstarfsverkefni Akurskóla og leikskólanna Holts og Akurs. Við höfum nýlega fengið víkina Kópu staðfesta sem sameiginlegt útikennslusvæði. Með þessu verkefni munum við auka útikennslu og útinám um leið og við byggjum upp aðstöðu sem nýtist við útinámið. Verkefnið verður unnið í nánú samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar og stefnt er að því að fá stofnanir og fyrirtæki í bænum til liðs við okkur. Þetta er afar spennandi verkefni sem er á undirbúningsstigi en verður ýtt úr vör á næstu mánuðum. Markmið verkefnisins er meðal annars að auka útiveru, samvinnu, umhverfismeðvitund og fjölbreyttar námsleiðir fyrir nemendur.

Flott án fíknar

Forvarnastarfið Flott án fíknar heldur áfram. Að þessu sinni var „sleepover“ hjá nemendum í 8.-9. bekk. Nemendur mættu með allt sitt hafurtask kl 21:30 og stóð fjörið yfir til kl 9 morguninn eftir. Þöntuð var pizza og horft var á video. Nokkrir mættu með playstation og einnig var draugahús á staðnum. Kvöldið heppnaðist vel í alla staði. Það var mikið fjör og skemmtu allir sér mjög vel eins og myndirnar sýna. Hægt er að sjá fleiri myndir á heimsíðu Akurskóla.



Kornið

Fréttabréf Akurskóla

Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústs dóttir

Akurskóli

Tjarnabraut 5

S: 420 4550 Fax: 420 4551

www.akurskoli.is

akurskoli@akurskoli.is